

Fundur Vísinda- og tækniráðs 3. október 2019




Grænbók um fjárveitingar til háskóla

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Hvað er **grænbók**?

- Tæki til að **efla samráð og umræðu**
- Tæki til að stuðla að **gagnsærri** ákvarðanatöku sem byggir á **gagnreyndum upplýsingum**
- Ekki beinar tillögur að lausnum heldur upplýsingar um **stöðu og ólíka valkosti**





Grænbók um fjármögnun háskóla

- Þáttur í **aðgerð 5** í Stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019: Endurskoðun á **reglum nr. 646/1999** um fjárveitingar til háskóla (reiknilíkan háskóla)
- **Fyrsta heildarendurskoðun** reglnanna frá 1999
- Liður í **Menntastefnu 2030**
- Tækifæri til að **efla samráð um stefnu stjórnvalda** um háskóla og **fram tíðarsýn**
- Gott **samráð** var haft **við háskóla** í vinnunni



Í grænbókinni **er spurt:**

- Hvað **einkennir** háskólakerfið á Íslandi og hvernig hefur það **þróast** á síðustu árum? Hvernig kemur það út í **alþjóðlegum samanburði**?
- Hver voru **markmið** stjórnvalda við setningu reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla undir lok síðustu aldar? **Náðust markmiðin?**
- Hvaða leiðir eru farnar við fjárveitingar til háskóla í **nágrannaríkjum Íslands?**
- Hverjar eru helstu **áskoranir** háskólakerfisins á Íslandi? Hvernig tengjast sumar þeirra **ófyrriséðum afleiðingum** af reiknilíkani háskóla?



Skýr stefna er grundvöllur reiknilíkans

- Reiknilíkan er ein leið til að **framkvæma stefnu stjórnvalda** (aðrar leiðir: samningar, lög, reglugerðir o.s.frv.)
- Í reiknilíkani felast **hvatar** sem móta hegðun háskóla og hafa þar af leiðandi áhrif á nemendur og atvinnulíf
- Reiknilíkan getur falið í sér **ófyrirséða hvata**. Þess vegna er mikilvægt að endurskoða það reglulega
- Samráð um endurskoðun á reiknilíkani verður þar af leiðandi einnig að fjalla um **markmið** og **framτίðarsýn**



Stefna undir lok 20. aldar

- Við innleiðingu reiknilíkans árið 1999 var áhersla stjórnvalda á að **efla háskólakerfið** hér á landi, auka samkeppni og hækka menntunarstig.
- Stefnan **gekk eftir**: stofnunum **fjölgaði** (aukin samkeppni), **námsframboð** jókst (ekki síst á framhaldsstigi), **rannsóknarstafsemi** jókst og **háskólamenntuðum** fjölgaði
- En reiknilíkanið er **magndrifið** og styður síður við **gæði**
- Hlutverk háskóla er **þrjúþætt**: kennsla, rannsóknir og samfélagslegt hlutverk. Reiknilíkanið nær **eingöngu til kennsluþáttarins**

Lykilspurningar til **frekara samráðs**:

- Hvaða **stefnumarkmið** eiga að liggja að baki nýju reiknilíkani?
 - Hvernig geta háskólar eftt möguleika fólks á Íslandi til að takast á við framtíð sem einkennist af **miklum og örum breytingum**? Hvernig geta háskólar stuðlað að aukinni **samkeppnishæfni** Íslands?
 - Hvað einkennir **góða háskóla**? Hvernig á **að forgangsraða** við eflingu gæða?
- Á grundvelli stefnu:
 - Hvaða **leiðir á að nota til að dreifa** fjárveitingum til háskóla (hvernig á nýtt reiknilíkan að líta út)?
 - Hvaða **mælikvarðar** eiga að vera í nýju reiknilíkani?
 - Hvernig má betur styðja við **öll þrjú** hlutverk háskóla: **kennslu**, **rannsóknir** og **samfélagshlutverk**?



Næstu skref:

- Grænbók fer í samráðsgátt um **miðjan október**
- Á sama tíma gefst **nefndum Vísinda- og tækniráðs** færi á að fjalla um hana
- Kemur út í **byrjun nóvember**
- **Hópur um gæði og skilvirkni í háskólastarfi** (aðgerð 4) tekur við grænbókinni og skipuleggur **samráð**.
Leggur fram tillögur að áherslum og nýju reiknilíkani
- Nýtt reiknilíkan **innleitt fyrir árið 2021**